

HJÁLPARSTARE KIRKJUNNAR



Margt smátt ... fréttablað, 3. tbl. 2021



HJÁLPUMST AÐ!

Við sendum þér 2.500 kr. valgreiðslu
í heimabankann svo þú getir hjálpað
þeim sem þurfa á því að halda!

MJÓR ER MIKILS VÍSIR

Við jarðarbúar stöndum frammi fyrir risavöxnum áskorunum: Hlýnun jarðar sem veldur náttúruhamförum og skertum lífsgæðum; heimsfaraldri af völdum kórónuveirunnar sem ógnar lífi og heilsu fólks og hefur haft gífurleg áhrif á efnahag samfélaga; stríðsátökum sem valda fólki óbærilegri þjáningu og hafa áhrif langt út fyrir átaka-svæðin; varhugaverðri þróun víða í heiminum þar sem stjórnvöld sýna alræðistilburði og þrengja að borgaralegum réttindum fólks; og loks hröplegri misskiptingu auðs og lífsgæða innan – og milli samfélaga, sem veldur fátækt, óréttlæti og togstreitu.

Það er auðvelt að láta sér fallast hendur. Hvað getum við gert? Við erum bara fámenn þjóð á eyju úti á miðju Atlandshafi. Höfum við ekki nóg með okkur? Við hér hjá Hjálparstarfi kirkjunnar erum stundum spurð hvers vegna við einbeitum okkur ekki af því að hjálpa fólki hér á Íslandi, sumir spyrja jafnvel hvers vegna við einbeitum okkur ekki að því að hjálpa bara Íslendingum hér á Íslandi.

Svarið er einfalt: Hjálparstarf kirkjunnar fer ekki í manngreinaralit þegar aðstoð er veitt. Aðstoðin byggir á mati stofnunarinnar á því hvar þörfin sé mest, hún tekur mið af þekkingu okkar á verkefnasvæðum og getu til starfa þar og loks fjárráðum á hverjum tíma.

En aftur að spurningunni „Hvað getum við gert?“ Stjórnvöld ríkja heims bera að sjálfsögðu á því höfuðábyrgð að finna lausnir sem duga í margslungnum veruleikanum. Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Glasgow á dögnum og COVAX-samstarfið um aðgengi fátækari ríkja heims að bóluefni gegn Covid-19 eru dæmi um samstarf þjóða í milli þó deila megi um árangur af því samstarfi.

Hjálparamtök eru ekki opinberar stofnanir og hafa þess vegna tækifæri til að nálgast flókin úrlausnarefni á annan hátt en stjórnvöld. Hjálparstarf kirkjunnar vinnur þannig í grasótinni, með fólkinu sjálfu, milliliðalaust, og fær því vitneskju um hvar skóinn krepur hjá hverjum einstaklingi fyrir sig.

Aðstoðin sem fólkið fær er efnisleg, til dæmis inneignarkort í matvöruverslunum hér á Íslandi, en samhliða er veitt félagsleg ráðgjöf og valdeflandi stuðningur sem gerir fólkinu betur kleift að fást við þann veruleika sem það býr við. Við erum svo lánsöm að hafa fengið skilaboð frá fólki sem áður þáði aðstoð en nýtur þess nú að gefa til baka.

„Ég er svo þakklát fyrir aðstoðina sem ég fékk frá Hjálparstarfi kirkjunnar þegar aðstæður sem við mæðginin bjuggum við voru slæmar. Við fengum efnislegan stuðning og sonur minn gat haldið áfram í námi. Í dag starfar hann sem viðskiptafræðingur og við getum gefið til baka,“ eru ein þessara skilaboða. Þau eru til marks um það hvernig örlítill stuðningur getur gjörbreytt aðstæðum einstaklinga. Og summa einstaklinganna er jú samfélagið.

Við höldum áfram öflugum hjálparstarfi með frábærum stuðningi frá hjartahlýju fólki um land allt. Fyrir þann stuðning erum við innilega þakklát!

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar


Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance


Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 3. tölublað 2021, 33. árgangur
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir

Myndir:
Forsíðumynd „Mjór er mikils vísir“ Þorkell Þorkelsson tók myndina á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Epiópiu árið 2016

Aðrar myndir:
Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar.
Umbrot: Pipar\TBWA


RÉTTSKIL
Bókhaldspjónusta

ÞÖKKUM STUÐNINGINN




**HÁTÍÐAR-
MESSA**
Í UPPHAFI JÓLAFÖSTU

Útvarpað frá
Hallgrímskirkju á Rás 1
fyrsta sunnudag í aðventu
28. nóvember, kl. 11

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, prédikar. Séra Sigurður Árni Þórðarson og séra Eiríkur Jóhannsson prestar Hallgrímsprestakalls þjóna fyrir altari.

Kór Hallgrímskirkju syngur. Stjórnandi er Steinar Logi Helgason. Organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar hefst með formlegum hætti.


Hjálparstarf
kirkjunnar



Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki sem býr við fátækt á Íslandi efnislegan stuðning og félagslega ráðgjöf allt árið um kring.



Við leggjum nú sérstaka áherslu á að aðstoða barnafjölskyldur svo þær geti gert sér dagamun yfir jólahátíðina.



Við veitum mannúðar- aðstoð á vettvangi náttúruhamfara og stríðsátaka í samvinnu við systurstofnanir okkar í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance.



Í þróunarsamvinnu í Úganda og í Eþíópíu störfum við með fólki sem býr við ömurlegar aðstæður í sárri fátækt vegna sjúkdóma, vatns-skorts og öfga í veður- fari og vegna þess að fátæktin viðheldur sjálfri sér.



Aðferðin í starfi okkar er alls staðar sú sama: Við mætum fólki af virðingu og aðstoðin tekur mið af þörf hvers og eins. Við hjálpum fólki þannig að það geti hjálpað sér sjálft.

Hjálpumst að!

Við leitum nú til þín um stuðning við starfið

Þú getur valið um að ...

gerast Hjálparliði á www.hjalparstarfkirkjunnar.is

greiða valgreiðslu í heimabanka, 2.500 kr.

hringja í söfnunarsíma 907 2002 og 907 2003 og greiða 2500 krónur

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

með þinni hjálp!

JÓLAÆÐSTOÐ HJÁLPARSTARFS KIRKJUNNAR



Rannveig Sigurðardóttir, Mjöll Þórarinsdóttir, Anna Barkardóttir, Dúfa S. Einarsdóttir, Bergþóra Njálsdóttir, Sigrún Benedikts Jónsdóttir og Sólveig Árnadóttir hafa í mörg ár gefið vinnu sína við að flokka, raða og hengja upp flíkur sem fólk hefur komið með til Hjálparstarfsins. Hjálparstarfið kann þeim og öðrum sjálfboðaliðum bestu þakkir fyrir afar dýrmætt framlag og frábæran félagsskap!

Starfsfólk og sjálfboðaliðar Hjálparstarfs kirkjunnar eru nú í óða önn að undirbúa sérstaka æstoð við fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar.

Fyrir síðustu jól fengu 1707 fjölskyldur um land allt inneignarkort fyrir matvöru og fleira og við búumst við svipuðum fjölda umsókna í ár.

Auk inneignarkorta fær fólk í brýnni þörf notaðan sparifatnað og foreldrar fá m.a. æstoð svo börnin fái jóla- og skógjafir.

Æstoðin er veitt í góðri samvinnu við Hjalpræðisherinn, Rauða krossinn, Mæðrastyrksnefndir og kirkjusóknir vítt um landið og með frábærum stuðningi frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum.

„Gott að hafa tilgang og að hafa eitthvað að gera!“

Verkefnið Taupokar með tilgang er fyrir konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og aðrar sem eru útsettar fyrir félagslegri einangrun. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur hefur gefið og læra að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl. Í lok saumaskapar borða konurnar svo hádegismat saman og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar þannig að aukinni virkni kvennanna og félagsskap þeirra í milli um leið og konurnar vinna að umhverfisvernd.

Verkefnið er unnið í samvinnu við Hjalpræðisherinn og var upphaflega einu sinni í viku en vegna mikillar eftirspurnar og vegna samkomutakmarkana í heimsfaraldri var ákveðið að skipta hópnum í tvennt.

Félagsráðgjafi Hjálparstarfsins hefur haft umsjón með mánudagshópnum en Hjalpræðisherinn í Reykjavík hefur séð um samveruna á fimmtudögum. Í heimsfaraldri hefur þurft að takmarka fjölda þátttakenda við 20 konur í hvert skipti og hafa því færri tekið þátt í verkefninu en hafa viljað.

Á gjafabréfasíðu Hjálparstarfs kirkjunnar er hægt að styðja verkefnið með því að kaupa gjöf sem gefur.

Gjafabréf



Taupoki með tilgang
Sem þiggennt þessa gjafabréfs telur þú þátt í völdfellingu og umhverfisvernd.

Gjafabréf þetta er gefið sem gefur. Hæðirnið þess ákveð að gefa þér þá gjöf að styrki kvenna. Hjálparstarfið kirkjunnar á Íslandi hefur úr hönd meðfjölskylda og flóttafólks engu á milli að kvenir og hlífðar. Í skammtarvinnu... Taupokar með tilgang? Þú þarst ákveðir til að hafa aðrar konur, líka að sauma með því að hafa til fjölnota innkaupatöskur og þetta saman hádegismat. Til þess að hjálparstarfið hefur fengið að gjöf og hafa þegar verið notað. Það saumaskap sínum stuðla konurnar þannig að endurnýttu efni og umhverfisvernd um leið og þær njóta samverunnar.

 Hjálparstarf kirkjunnar
  actalliance



Þær voru kappsamar konurnar sem taka þátt í verkefninu „Taupokar með tilgang“ þar sem þær sátu við að sauma jólapoka nú í nóvember. Konurnar í verkefninu eiga það sameiginlegt að hafa lítið tengslanet á Íslandi og að vera utan vinnumarkaðar.



Þau eru mörg skrefin í að fullgera jólapokana, fyrst er að sniða, svo sauma, þá næst að þræða borða og að lokum eru pokarnir straujaðir.



Umhverfisvænu jólapokarnir eru til sölu á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar á neðri hæð Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 í Reykjavík.





Jólaaðstoð 2021

Í desember aðstoða Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar.

Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 20. desember.

Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og gjafir fyrir börnin.

Umsóknarfrestur fyrir umsókn á heimasíðu Hjálparstarfsins er 10. desember næstkomandi.

Nánari upplýsingar er að finna hér:

<https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/neydaradstod/>

MUNUM EFTIR GRÍMUNNI OG VIRÐUM FJARLÆGÐARMÖRK!

Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Material assistance for low-income families in December

In cooperation with other charities, Icelandic Church Aid assists low-income families before Christmas.

Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 20th.

Second-hand festive clothes and presents for children are also provided.

Deadline for on-line application is 10 December.

Further information and application form:

<https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/neydaradstod/>

PLEASE WEAR A MASK AND RESPECT THE PHYSICAL DISTANCING RULES TO PREVENT THE SPREAD OF COVID-19!

Icelandic Church Aid, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Phone: 528 4400

Asistencia material para familias de bajos ingresos en diciembre

En cooperación con otras organizaciones de beneficencia, la Ayuda de la iglesia islandesa en apoyo para familias de bajos ingresos, antes de Navidad.

Este apoyo se otorga de forma individual, a través de tarjetas de débito en los supermercados, que se emitirán a más tardar el 20 de diciembre.

También proporcionará ropa de fiesta de segunda mano y regalos para niños.

Las solicitudes en el sitio web se pueden enviar hasta el final del día 10 de diciembre.

Más información:

<https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/neydaradstod/>

¡POR FAVOR USE CUBREBOCAS Y RESPETE LAS REGLAS DE SANA DISTANCIA PARA EVITAR LA PROPAGACIÓN DEL COVID-19!

Ayuda de la iglesia islandesa / Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Phone: 528 4400



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance



Í Skjólinu er aðstaða til að teikna og mála, þróna og púsla. Einn daginn skreyttu konurnar steina með jákvæðum staðhæfingum um sjálfar sig.

Margar kvennanna sem sækja Skjólíð hafa þurft að nýta sér neyðarnæturathvarfið Konukot en þar lokar klukkan 10 á morgnana og opnar aftur kl. 17. „Áður var þetta bara glatað,“ segir ein kvennanna en áður en Skjólíð kom til sögunnar áttu konurnar erfitt með að finna sér eitthvað að gera á daginn og

„Skjólíð hefur gefið mér kost á því að hafa öruggan stað þar sem ég get viðhaldið sjálfsvirðingu minni.“

„Við erum bara fólk eins og þið!“

Skjólíð er opið hús á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir konur sem glíma við heimilisleysi, búa við óöruggar aðstæður eða eru nýkomnar í búsetuúrræði eftir heimilisleysi. Skjólinu er ætlað að vera öruggur samastaður sem konurnar geta sótt að deginum til áður en þær fara til dæmis í Konukot yfir nóttina.

Frá opnun Skjólsins þann 15. febrúar síðastliðinn hafa 54 konur á aldrinum 20 til 60 ára komið reglulega í athvarfið sem er opið alla virka daga klukkan 10–15.

reyndu þær þá oft að komast inn þar sem þær gátu eins og í verslanir eða á söfn. Konurnar segja að hvar sem þær komu hafi verið fylgst með þeim og að öryggisverðir hafi jafnvel elt þær á röndum. Þær eru flestar orðnar uppgefnar á fordómum í sinn garð og vilja að fólki viti að þær séu „bara fólk eins og þið!“.



Á dögnum gerði Zontaklúbburinn Embla Skjólinu fært að setja upp fallega snyrtiaðstöðu fyrir konurnar. „Þú þarf ekki að lita út eins og róni þótt þú sért heimilislaus,“ segir ein kvennanna en konurnar leggja flestar mikið á sig til að falla inn í hópinn og þær vilja lita vel út.



Á köldum degi er fátt betra en að liggja uppi í sófa, undir teppi með góða bók. Í Skjólinu er áhersla lögð á að konurnar fái næringu og hvíld, að þær geti farið í sturtu og þvegið af sér og síðast en ekki síst að þær fái skjól fyrir veðri og vindum. „Það er alveg „crusial“ fyrir mig að koma í Skjólíð á daginn, hitta konurnar og fá samveruna, hlýjuna og góðan mat,“ segir ein kvennanna sem kemur reglulega í Skjólíð.



„Þegar konurnar upplifa öryggið hér eru þær betur í stakk búna til að vinna í sínum málum. Við höfum bókað einstaklingsfundi hér í Skjólinu með fagaðilum eins og félagsráðgjöfum, ráðgjöfum vettvangs- og ráðgjafateymis Reykjavíkurborgar, hjúkrunarfræðingum og starfsfólki frú Ragnheiðar,“ segir Rósa Björg Brynjarsdóttir umsjónarkona Skjólsins og bætir við að starfsemin skipti því miklu máli fyrir líf og velferð kvennanna almennt.


regla

vodafone

ÖBÍ
1961
2021

Vöffluvagninn

HVAÐ ER AÐ GERAST Í EPÍÓPÍU?



Í byrjun nóvember sl., sléttu ári eftir að baráttan um yfirráð yfir Tigray-fylki hófst, lýstu stjórnvöld í Eþíópíu yfir neyðarástandi í landinu vegna átakanna. Her Tigraymanna hafði þá náð landsvæðum utan Tigray á sitt vald og notið við það aðstoðar m.a. frá Frelsisher Oromo-fylkis.

Abiy Ahmed forsætisráðherra, sem fékk friðarverðlaun Nobels árið 2019, hvatti í framhaldinu alla vopnbæra íbúa landsins til að verjast yfirvofandi áhlaupi uppreisnarherjanna á höfuðborgina Addis Ababa.

Í Eþíópíu búa nú yfir 115 milljónir íbúa í átta fylkjum sem hvert um sig hefur sjálfstjórnarrétt í ýmsum málum. Landið er ellefu sinnum stærra en Ísland að flatarmáli og íbúarnir tilheyra yfir 80 mismunandi þjóðum sem hver hefur sitt tungumál. Ríkisstjórn Abiy Ahmed leggur áherslu á einingu milli þjóðanna sem byggja landið og að styrkja þjóðarímynd Eþíópíu.

Stjórnskipulag í Eþíópíu er flókið og nú er spurt hvort Abiy hafi farið of geist í umbætur en frá því hann tók við stjórnartaumunum árið 2018 hefur hann meðal annars leyst pólitíska fanga úr fangelsi, veitt fjölmiðlum auknið frelsi og auknið veg kvenna í stjórnárum, en nú er forseti landsins og helmingur ráðherra í ríkisstjórninni konur. Friðarverðlaunin fékk svo Abiy fyrir frumkvæði hans til að leysa áratugalangt landamærastríð við Eritreu.

Fyrirum valdhafar í Eþíópíu voru að stórum hluta Tigray-menn en eftir að Abiy komst til valda minnkuðu áhrif þeirra í þjóðstjórninni til mikilla muna. Við það myndaðist gjá milli stjórnárum flokks Tigray og ríkisstjórnar Abiy. Forsætisráðherranum auðnaðist ekki að fá stjórnárum-elítuna í Tigray til samstarfs og í stað einingar náðu uppreisnarher og elítan í Tigray fylkinu að mestu leyti á sitt vald. Átökin hafa nú stigmagnast og ófriðurinn borist til nágrennafylkja.

Alþjóðleg hjálparstarf hafa gagnrýnt bæði stjórnarherinn og uppreisnarheri harðlega fyrir alvarleg brot á mannréttinda- og mannúðarlögum. Tilkynnt hefur verið um morð á almennum borgurum, pyntingar, nauðganir og árásir á sjúkrahús og skóla. Tugþúsundir íbúa hafa neyðst til að flýja heimkynni sín yfir til nágrennahéraðanna og yfir til Suður-Súdan og Sómalíu.

Nú er svo komið að hjálparstarf komast ekki til að veita íbúum í Tigray-fylki hjálp en aðstoð er veitt íbúum og flóttafólki í nágrennahéruðum. Í lok mars sendi Hjálparstarf kirkjunnar rúmlega tuttugu og eina milljón króna til þessarar brýnu mannúðarástoðar en stærsti hluti framlagsins er styrkur frá utanríkisráðuneytinu.

Í Sómalí-fylki sunnar og austar í landinu heldur Hjálparstarf kirkjunnar ótrautt áfram með verkefni í þróunarsamvinnu sem miðar að valdeflingu fólks sem býr við afar bágar aðstæður af völdum þurrka sem meðal annars eru raktir til loftslagsbreytinga. Megináhersla þar er lögð á að tryggja aðgengi fólks að drykkjarhæfu vatni.



Íbúi í Tigray-fylki sýnir hjálparstarfsfólki hvar húsið hans var jafnað við jörðu.



Genfarsamningarnir banna árásir á skóla og sjúkrahús en hér sést sundurtætt sjúkrahús í Tigray. Báðar fylkingar eru sakadar um alvarleg brot á mannúðarlögum.



Karlmenntu eru flestir kvaddir í herinn en konur og börn sem neyðast til að yfirgefa heimili sín hafast við í yfirfullum flóttamannabúðum.



Íbúar í Tigray-fylki segja hjálparstarfsmanni Lútherska heimssambandsins frá aðstæðum á vettvangi.



Erfitt hefur reynt að koma hjálpargögnum til íbúa í Tigray en aðstoð verið veitt fólkinu sem hefur flúið yfir til nágrennafylkja.



Hjálparstarfsfólk skipuleggur dreifingu hjálpargagna en mannúðarástoð felst fyrst og fremst í að tryggja fólki fæðu, húsaskjól, hreint vatn og hreinlætisaðstöðu.

KRAKKARNIR Í KAMPALA FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ LIFA MEÐ REISN



Hér læra stelpurnar að baka nokkurs konar kleinur en eftir ársnám, t.d. í að þjóna, baka og elda einfalda rétti, fá mörg þeirra sem koma í smiðjurnar vinnu á hóteli eða á veitingahúsi.

Í fátækrahverfum í Kampala, höfuðborg Úganda, vinnur Hjálparstarf kirkjunnar með UYDEL (Ugandan Youth Development Link) að valdeflingarverkefni í þágu barna og ungmenna á aldrinum 13–24 ára.

UYDEL eru virt samtök í Úganda sem hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfunum og eru leiðandi í málsvastarfi fyrir börn og unglunga.

UYDEL aðstoðar unglingana sem ljúka ársnámi í smiðjum samtakanna við að komast á starfsnemasamning hjá fyrirtækjum í Kampala og í framhaldinu að fá þar vinnu.

Einn þáttur í náminu hjá UYDEL er verslunarfræði en mörg þeirra sem ekki fá starf hjá fyrirtæki eftir námið opna eigin búðarbás og selja til dæmis flíkur sem þau hafa saumað eða prjónað eða reka viðgerðarþjónustu.

UYDEL leggur sérstaka áherslu á að ná til stúlkna, ungra kvenna og einstaklinga með fötlun en ár hvert útskrifast fleiri en 500 ungmenni úr þremur smiðjum samtakanna.

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft áhrif á starfið í smiðjunum en með útsjónarsemi hefur starfsfólki UYDEL tekist að veita fulla þjónustu um leið og varúðar hefur verið gætt.



Vorið 2019 sýndi Anna Kawuma forstöðukona hjá UYDEL Bjarna Gíslasyni framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar aðstæður í smiðjunum og í fátækrahverfunum þar sem unglingarnir búa við skelfilegar aðstæður.



Anna segir að íþróttaiðkun í smiðjunum hafi margvísleg jákvæð áhrif á unglingana. Krakkarnir þurfi að einbeita sér, gleymi erfiðum aðstæðum um stund og losi þannig um streitu. Á íþróttæfingum gefist líka tækifæri til að tala um neikvæðar afleiðingar fíkniefnaneyslu og um kynheilbrigði.

SAGAN HENNAR HADIJAH NAGAWA

Hadijah Nagawa er 19 ára gömul stúlka sem býr með mömmu sinni og sjö yngri systkinum í einu af fátækrahverfunum í Kampala. Hún varð að hætta námi eftir grunnskóla þar sem skólagjöldin í framhaldsskólanum reyndust of mikil fjárhagsleg byrði fyrir mömmu hennar.

Hadijah átti erfitt með að finna vinnu og hennar beið því fátt annað en að giftast og eignast börn. Vinkona hennar sem sjálf stundaði verknám í smiðju UYDEL benti Hadijah hins vegar á að tala við félagsráðgjafa þar. Í framhaldinu var henni svo boðið að koma í smiðjuna og velja sér þar iðn-

grein til að sérhæfa sig í, auk þess sem hún lærði verslunarfræði og fékk fræðslu um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Hadijah valdi að læra vélprjón og að loknu ársnámi í smiðjunni fékk hún prjónavél í útskriftargjöf. Nú hefur hún komið sér upp sölubás þar sem hún býður fólki að prjóna á það flík eftir máli. Með vinnu sinni er hún ekki aðeins fær um að sjá fyrir helstu nauðsynjum fyrir sig, mömmu sína og yngri systkin heldur nær hún að leggja til hliðar og safna fyrir því að stækka básinn sinn.





VESTMANNAEYJAR
ICELAND





„Áður en við fengum hjálp var lífið bara mjög erfitt en núna getum við séð fyrir okkur sjálf. Við eigum landskika þar sem við ræktum banana, baunir, maís og kassavarót sem við borðum en við eigum líka nóg eftir til að selja á markaðinum,“ sagði Allen, elst fjögurra systkina og sem nú er tvítug að aldri.

JANE LÉST ÚR ALNÆMI ÁRIÐ 2019 EN BÖRNIN HENNAR SPJARA SIG NÚ VEL

Hjálparstarf kirkjunnar og grasrótarsamtökin RACOBAAO hafa aðstoðað HIV-smitaða, alnæmissjúka og munaðarlaus börn í héruðunum Rakai og Lyantonde í Úganda frá árinu 2007. Skjólstaðingar verkefnisins eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína af völdum alnæmis og búa ein en líka HIV-smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við örbirgð.

Árið 2018 sagði fólkið í þorpssráðinu í Rakai-héraði að Jane, 42 ára gömul ekkja og fjögurra barna móðir, væri sú sem helst þyrfti þar á aðstoð að halda. Húsakofi hennar og barnanna var þá að hruni kominn og hún mjög lasburða vegna alnæmis. Enga átti fjölskyldan innanstokksmuni og enginn til að sjá henni farborða nema þá helst 15 ára unglingspilturinn. Hjálparstarf kirkjunnar og RACOBAAO réðu því verktaka sem reisti fjölskyldunni múrsteinshús, 4000 lítra vatnstank, kamar og eldaskála á landskika hennar.

Jane var orðin mjög lasburða um það leyti sem húsið var að verða tilbúið og um vor 2019 hjálpaði starfsfólk RACOBAAO henni á næsta sjúkrahús þar sem hún fékk lyfjameðferð. Jane fékk að snúa aftur heim og hún var vongóð um að ná heilsu. Viku seinna lést hún hins vegar heima í kofaskriflinu á örþunnri tágarmottu. Alnæmið hafði betur og börn Jane stóðu ein eftir, 18, 15, 12 og 10 ára gömul.

Hjálparstarf kirkjunnar og RACOBAAO sá börnunum fyrir geitum, verkfærum og útsæði til grænmetisráktunar til þess að tryggja þeim fæðu og til þess að þau hefðu möguleika á að afla sér tekna þannig að yngri systurnar tvær gætu haldið áfram í skóla. Nú tveimur árum seinna eru börnin komin á betri stað í lífinu og þau eldri geta séð þeim yngri farborða.



Hér standa systkinin fjögur í hriplekum kofa fjölskyldunnar viku eftir andlát Jane vorið 2019.



Jane náði aldrei að flytja í múrsteinshúsið en það gerðu börnin hennar hins vegar.



Börnin fengu rúm, dýnur, teppi og moskitónet þegar þau fluttu inn í nýja húsið.



Systurnar þrjár fyrir utan húsið í nóvember 2021. Ef grannt er gáð sést að önnur yngri systirin er í sama bol og sú elsta var í á mynd sem tekin var um vor 2019.

ÞÖKKUM STUÐNINGINN!

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf.
Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Argos ehf. arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkis arkitektar ehf.
Aurum ehf.
B&B gluggatjaldahreinsun ehf.
Baka til ehf.
Betri bílar ehf.
Beyki ehf.
BGI málarrar ehf.
Bilasmíðurinn hf.
Birtingur ehf.
Bjarnar ehf.
BK ehf.
Blómabúðin Hlíðablóm
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
Bókhaldsþjónusta Arnar Ing ehf.
Bólstursmiðjan slf.
Bónstöðin hjá Jobba ehf.
Borgarblöð ehf.
Borlaug - íbúðir ehf.
Brauðhúsið ehf.
Brunahönnun slf.
Brúskur hársnyrtistofa
Dansrækt JSB
Dýraspítalinn í Viðidal ehf.
Eðalflugtningar ehf.
Egill Baldursson ehf.
Eignaumsjón hf.
Ennemm ehf.
Esju-Einingar ehf.
Fasteignamiðstöðin ehf.
Fasteignasalan Miklaborg ehf.
FellaKaffi ehf.
FIDESTA ehf.
Fjaðrabúðin Partur ehf.
Fjárhald ehf.
Fjárstoð ehf.
Fjöður ehf.
Fótóval ehf.
Fyrirtak málningarþjónusta ehf.
Gjögur hf.
Gleipnir verktakar ehf.
GT-bílar ehf.
Gull- og silfursmíðjan ehf.
Gunnar Örn ehf.
Gunnlaugur Hjartarson
Hagi ehf.
Herrafataverslun Birgis ehf.
Hf Vellir ehf.
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf.
Höfðakaffi ehf.
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Hreinsitækni ehf.
Húsaklæðning ehf.
Hússtjórnarskólinn Reykjavík
Intellecta
Ísloft blikk og stál
Íþróttasamband fatlaðra
J.E. Skjanni,
byggingaverktakar ehf.
Jensen, Bjarnason og Co ehf.
JHM Sport ehf.
K.F.O. ehf.
Kemi ehf.
Kjöreign ehf.
Klettur skipaafgreiðsla ehf.
Lagsmaður ehf.
Landakotsskóli
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Leir og postulín ehf.
Litróf ehf.
Loftmyndir ehf.
Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl. ehf.
Lyfsalinn ehf.
Málrameistarar ehf.
Marella ehf.
Mörk ehf., gróðrarstöð
Multivac ehf.
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Nýi tónlistarskólinn
O. Johnson & Kaaber ehf.

Ökumennt ehf.
Ökuskólinn í Mjódd ehf.
Orðabankinn sf.
Óskirnar þrjár ehf. (Skýrslur og skil)
PFAFF hf.
Rafsvið sf.
RAMIS ehf.
Rarik
Reykjafell hf.
Reykjavík Skattskil ehf.
Rikki Can ehf.
Rima Apótek ehf.
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja
Sendibílar Reykjavíkur ehf.
SHV pípuagninga-þjónusta ehf.
Sigurjónsson og Thor
Silfurberg ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
Smith og Norland hf.
Sögn ehf.
Sólbaðsstofan Smart ehf.
Stó ehf.
Styrja ehf.
Tannlæknafélag Íslands
Tannlækna Mjódd ehf.
Tannval ehf.
THG arkitektar ehf.
Tölvar ehf.
Tónastöðin ehf.
Tösku- og hanskabúðin ehf.
Trackwell hf.
Trivium ráðgjöf ehf.
Umslag ehf.
Útfararstofa Svafars og Hermanns ehf.
Útfararstofa Kirkjugarðanna
Úti og Inni arkitektar
VA arkitektar ehf.
VDO ehf.
Verkfræðistofan Viðsjá ehf.
Verkfræðiþjónusta GGP slf.
Verkhönnun ehf.
Verslunartækni og Geiri ehf.
Verslunin Álflheimar ehf.
Vínberid ehf.
Vínnes ehf.
VSÓ Ráðgjöf
Wurth á Íslandi ehf.
XCO ehf. inn- og útflugtningur
Þorsteinn Bergmann ehf.
Þráinn skóari ehf.

SELTJARNARNES

Nesskip hf.
Önn ehf., verkfræðistofa

KÓPAVOGUR

Á.K. Sjúkraþjálfun ehf.
Bílrúðumeistarinn slf.
Bjartur rafverktaki ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
BSA varahlutir ehf.
Domusnova fasteignasala
Fasteignasalan Bær
Fossar, tryggingar og ráðgjöf ehf.
Fríkirkjan Kefas
Godði ehf.
Hagblikk ehf.
Hörðuból ehf.
Hvammshólar ehf.
Íslenskt marfang ehf.
Karína ehf.
Lín Design
Mamma veit best ehf.
Mannrækt og menntun ehf.
Pottagaldrar ehf.
Prógramm ehf.
Púst ehf.
Ræstitækni ehf.
Rafhólf ehf.
Rafmiðlun hf.
Sólbaðsstofan Sælan ehf.

Suðurverk hf.
Úðafoss ehf., efnalaug
Útfararstofa Íslands ehf.
Zenus ehf.

GARÐABÆR

Engilbert ÓH Snorrason
tannlæknastofa sf.
Fagval ehf.
Fló ehf.
Garðabær
GP arkitektar ehf.
Hafnasandur hf.
Ingi hópferðir ehf.
Kópavogspósturinn ehf.
Krókur ehf.
Loftorka Reykjavík ehf.
Metatron ehf.
Netvisir ehf.
S.S. Gólf ehf.
Val - Ás ehf.

HAFNAREJÖRDUR

Barkasuða Guðmundar ehf.
Boðunarkirkjan.is útvarp
Boðun FM 105.5
Burger-inn ehf.
Dverghamrar ehf.
Eldvarnarþjónustan ehf.
Fjarðargrjót ehf.
Fjarðarmót ehf.
Guðmundur Arason ehf. – GA Smíðajárn
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak
Heimir og Jens ehf.
Hlaðbær-Colas hf.
Hvalur hf.
Ingvar og Kristján ehf.
Kænan Óseyrarbaut 2
Krossborg ehf.
Skerpa renniverkstæði ehf.
Strendingur ehf.
Tempra ehf.
Terra Efnaeyðing hf.
Verkalýðsfélagið Hlíf

REYKJANESBÆR

Berggraf ehf.
DMM Lausnir ehf.
EÖ Raf ehf.
Grímsnes ehf.
Kast ehf.
M² Fasteignasala & Leigumiðlun
Maggi & Daði málarrar ehf.
Magnús Jónsson ehf.
Maron ehf.
Nesraf ehf.
Örk ehf.
Rafeindir og Tæki ehf.
Rétt sprautun ehf.
Tjarnartorg ehf.
Útfararþjónusta Suðurnesja ehf.

GRINDAVÍK

Fjórhjólævintýri ehf.
Hópsnes ehf.
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf.
Visir hf.

SUÐURNESJABÆR

Æco bílar ehf.
Ístek ehf.
Skólar ehf.
Vélsmiðja Sandgerðis ehf.
Verk- og tölvuþjónustan ehf.
Vökvatengi ehf.

MOSFELLSBÆR

Álguggar JG ehf.
Bílamálinn Örninn ehf.
Dalsgarður ehf.
Dynkur ehf.
Kjósarhreppur
Laxnes ehf.
Litamálun ehf.
Mosfellsbakari hf.
Nonni litli ehf
Rafpekking ehf

Reykjabúid ehf.
Stansverk ehf.
Vélsmiðjan Sveinn ehf.
VGH Mosfellsbæ ehf.

AKRANES

Sementsverksmiðjan hf.
Apótek Vesturlands ehf.
Gallerý Snotra ehf.
Hvalfjarðarsveit
LH bókhald ehf.
Meitill – GT Tækni ehf.
Smáréttingar ehf.
Smurstöð Akraness sf.
Vélaleiga Halldórs
Sigurðssonar ehf.
Vogir og Lagnir ehf.

BORGARNES

Kræsingar ehf.
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness

STYKKISHÓLMUR

Þórsnes ehf.

GRUNDAREJÖRDUR

Þjónustustofan ehf.

ÓLAFSVÍK

Litlalón ehf.
Steinprent ehf.

HELLISSANDUR

Hópferðabílar Svans
Kristóferssonar ehf.

BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf.
Rjómabúid Erpsstöðum ehf.

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf.

ÍSAFJÖRDUR

Ferðaþjónustan í Heydal
Massi þrif ehf.
Orkubú Vestfjarða ohf.
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Vestri ehf.

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Valdimar L. Gíslason sf.

SÚÐAVÍK

Félagar ehf.

FLATEYRI

Sytra ehf.

PATREKSEJÖRDUR

Albina verslun

BÍLDUDALUR

Hafkalk ehf.

STAÐUR

Kvenfélagið Iðunn

DRANGSNES

Útgerðarfélagið Gummi ehf.

HVAMMSTANGI

Kidka ehf.
Slátruhús KVH ehf.

BLÖNDUÓS

Blönduósabær
Búnaðarsamband Húnaþings/Strand
Sörlatunga ehf.
Vilko ehf.

SKAGASTRÖND

Vík ehf.

SAUÐÁRKRÓKUR

Bókhaldsþjónusta
KOM ehf.
Dögun ehf.
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Steinull hf.

AKUREYRI

Akureyrarkirkja
Almenna lögbjónustan ehf.
Baugsbót ehf.
Blikkrás ehf.
BR tannlæknar slf.
Enor ehf.
Fasteignasalan Byggð
Framtal sf.
Hlíð ehf.
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
KG Sendibílar ehf.
Kjarnafæði hf.
Krua Siam
Ljósco ehf.
Múriðn ehf.
Norðlenska ehf.
Norlandair ehf.
Pípuagningaþjónusta Bjarna F. Jónssonar ehf.
Rafmenn ehf.
S.Guðmundsson ehf.
Samherji Ísland ehf.
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið
Stórholt ehf.
Tannlæknastofa Árna Páls
Halldórssonar
Trig ehf.
Verkval ehf.
Vorhús ehf.
Þrif og ræstivörur ehf.

GRENIVÍK

Vélvanur ehf.

DALVÍK

G.Ben útgerðarfélag ehf.
Híðylamálun, málningarþjónusta ehf.
Vélvirki ehf.

ÓLAFSFIRÐI

Árni Helgason ehf., vélaverkstæði

HÚSAVÍK

Trésmíðjan Rein ehf.
Stórey ehf.

MÝVATN

Jarðböðin ehf.
Vogar, ferðaþjónusta

KÓPASKER

Kvenfélag Öxfirðinga

BAKKAFJÖRDUR

K Valberg slf.

EGILSSTAÐIR

Héraðsprent
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Egilsstaðahúsið ehf.
Gunnarsstofnun
Klassík ehf.
Miðás ehf.
Myllan
PV-pípuaggnir ehf.
Rafey ehf.
Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf.
Sveitarfélagið Múlaþing

REYÐAREJÖRDUR

Tærgesen ehf.
Félag opinberra starfsmanna Austurlandi
Fjarðaveitingar ehf.
Launafl ehf.

ESKIFJÖRDUR

Eskja hf.
R.H.gröfur ehf.

NESKAUPSTAÐUR

Samvinnufélag útgerðarmanna
Verkmenntaskóli Austurlands

FÁSKRÚÐSFJÖRDUR

Loðnuvinnslan

BREIÐDALSVÍK

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

DJÚPAVOGUR

Pípuagnarþjónusta Vilhjalms og Axels ehf.

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Málningarþjónusta Horna ehf.
Ránarslóð ehf.
Rósaberg ehf.
Sveitarfélagið Hornafjörður
Þratarhöll ehf.

SELFÖSS

Bílasala Suðurlands ehf.
Eðalbyggingar ehf.
Flóahreppur
Fossvélar
Gesthús Selfossi ehf.
GTICE Gateway to Iceland
Kökugerð H.P. ehf.
Lindin, verslun
Málarinn Selfossi ehf.
Pylsvagninn Selfossi
Reykhöll ehf.
Sólheimar Í Grímsnesi
Stálkrokur ehf.
Stúdíó Stund ehf.
Sveitarfélagið Árborg
Tæki og tól ehf.
Tannlæknaþjónustan slf.
Ullarverslunin Þingborg
Útfararþjónustan Fylgd ehf.
Vélsmiðja Suðurlands ehf.

HVERAGERÐI

MIO MIO ehf.
Kjöris ehf.
Raftaug ehf.

ÞORLÁKSHÖFN

Gljúfurþústaðir ehf.
Sveitarfélagið Ölfus

FLÚÐIR

Hrunamannahreppur

HVOLSVÖLLUR

Eldstö Art Café

KJUBÆJARKLAUSTUR

Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur

VESTMANNAEYJAR

Bergur-Huginn ehf.
Bókasafn Vestmannaeyja
Heimaey ehf. – þjónustuver
Ísfélag Vestmannaeyja ehf.
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Nethamar ehf.
Ós ehf.
Teiknistofa Páls
Zóphóniassonar ehf.

Hvort sem þú ert gefandi eða þiggjandi gjafabréfs Hjálparstarfs kirkjunnar gefur þú gjöf sem heldur áfram að gefa.



SMELLTU HÉR
fyrir frekari upplýsingar



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance